



RANGÁRÞING YTRA  
SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚÍ

Vegagerðin  
bt. Svanur Bjarnason  
Breiðamýri 2  
800 Selfoss

Hellu, 27. mars 2025  
2503021 HBH

## FRAMKVÆMDALEYFI

skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og ákvæðum reglugerðar nr. 772/2012 með síðari breytingum.

vegna endurbóta og styrkinga auk lagningar bundins slitlags á 7,5 km kafla á hagabraut frá Landvegi að Reiðholti, Rangárþingi ytra.

Framkvæmdaraðili: Vegagerðin, kt. 680269-2899, Breiðamýri 2, 800 Selfoss.

Framkvæmdaraðili sótti um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 með umsókn, dags. og móttekin 10. mars 2025, í tengslum við framkvæmdir við endurbætur á Hagabraut. Með umsókninni fylgja yfirlitskort sem sýna staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis ásamt lýsingu framkvæmdarinnar og teikningum í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. IV. kafla laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 2. ágúst 2024 er framkvæmdin ekki matsskyld skv. IV. kafla sömu laga. Fyrirhugað athafnasvæði er í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Umsóknin var tekin fyrir í Byggðaráði Rangárþings ytra þann 26. mars 2025 þar sem samþykkt var að veitt skildi framkvæmdaleyfi til umræddrar framkvæmdar. Byggðaráð heimilar skipulagsfulltrúa að gefa út leyfið og hafa eftirlit með framkvæmdunum. Nefndin vill áréttta að öll efnistaka úr námum er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og að auki starfsleyfis frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands ef og þegar um sölu efnis er að ræða.

Framkvæmdaleyfi er því gefið út fyrir endurbótum, styrkingu og lagningu bundins slitlags á Hagabraut frá Landvegi að Reiðholti í samræmi við umsókn framkvæmdaraðila og meðfylgjandi gögn, eða eins og hér segir:

Vegagerðin er framkvæmdaraðili. Framkvæmdaleyfið er byggt á staðfestu aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Framkvæmdin skal vera í samræmi við framkvæmdalýsingu og greinargerð umsækjanda, dags. 10. mars 2025. Er framkvæmdinni þar lýst og hvernig gengið verður frá framkvæmdasvæðinu í lok verksins.

Gert er ráð fyrir endurbótum, styrkingu og lagningu bundins slitlags á 7,5 km kafla Hagabrautar, frá Landvegi að Reiðholti. Að auki og samhliða ofangreindri framkvæmd verður

vegamótum við Heiðarveg/Skinnhúfuveg breytt lítilliga þannig að ekki verði krossvegamót þar. Hæðarlega vegar verður lagfærð á nokkrum stöðum og skeringar víkkaðar til að minnka snjósöfnun á vegi. Efni úr skeringum verður nýtt til vegagerðarinnar.

Samhliða framkvæmdinni eru áform um að ráðast í umferðaröryggisaðgerð á Landvegi við Nónhamar, þar sem vegskering verður augin og breikkuð í allt að 30 metra frá miðlínu Landvegar. Í landi Raftholts verða sett upp tvö búfjárræsi og eitt í landi Lýtingsstaða. Efni í vegagerð er hugsuð úr námu E26 í landi Varghóls.

Verði brugðið út frá samþykktum hönnunargögnum við framkvæmdina, skal tilkynna það leyfisveitanda og einnig Skipulagsstofnun ef framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Sótt verði um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins vegna efnistökkunnar úr námunni auk þess að starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skil liggja fyrir, áður en af efnistöku verður.

#### **Meðfylgjandi gögn:**

1. Umsókn, yfirlitskort og teikningar, dags. 10. mars 2025.
2. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum námunnar, dags. 2. ágúst 2024.
3. Fundarsaga stjórnarsýslu sveitarfélagsins vegna framkvæmdaleyfisumsóknar.

Meðferð er samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Afgreiðsla framkvæmdaleyfisins er byggð á heimild í aðalskipulagi. Ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 4. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011.

Gjald vegna útgáfu framkvæmdarleyfis þessa er í samræmi við gjaldskrá Rangárþings ytra og miðast gjaldið við eftirlit sveitarfélagsins og að frágangur verði skv. framlögðum áætlunum framkvæmdaraðila.

Gildistími framkvæmdaleyfis þessa er til 1. júní 2026. Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá 1. apríl 2025 að telja.

Rangárþingi ytra, 27. mars 2025

Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra,



Haraldur Birgir Haraldsson



## Rangárþing ytra

Suðurlandsvegi 1-3

850 Hellu

### Hagabraut, Landvegur-Reiðholt – Umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðin hyggst fara í endurbætur, styrkingu og lagningu bundins slitlags á 7,5 km kafla á Hagabraut frá Landvegi að Reiðholti. Vegurinn er í dag um 6 m breiður malarvegur en verður breikkaður í 6,5 m breiðan veg og lagður með bundnu slitlagi.

Vegamótum við Heiðarveg/Skinnhúfuveg verður breytt lítillega þannig að ekki verði krossvegamót þar. Vegurinn mun liggja í nánast óbreyttri legu en hæðarlega verður aðeins lagfærð, sérstaklega milli st. 2600 og 2800, þar sem vegurinn lækkar um allt að 3 m og verður skeringin víkkuð út um allt að 45 m út frá miðlínu vinstramegin vegar og um 40 m hægra megin vegar til að minnka líkur á snjósöfnun á vegi. Efni sem úr skeringunni kemur verður nýtt til vegagerðarinnar. Á um 80 m kafla milli st. 3190-3270 mun vegurinn hækka um allt að 4 m til að lagfæra hæðarlegu. Á um 200 m kafla í landi Lýtingsstaða, milli st. 970-1160 mun vegurinn hliðrast um breidd sína til að lagfæra planlegu.

Samhliða framkvæmdinni er fyrirhugað að ráðast í umferðaröryggisaðgerð á Landvegi við Nónhamar, þar sem vegskering verður aukin og breikkuð í allt að 30 m frá miðlínu Landvegar. Áætlað magn í skeringunni er um 24.000 m<sup>3</sup>. Hæðin skerðir mjög vegsýn í beygju á Landvegi, auk þess sem vatnsgangur er talsverður trá hamrinum inn á veginum með tilheyrandi ismyndun að vetrarlagi. Efni úr skeringunni verður nýtt til vegagerðar.

Sett verða tvö búfjarræsi í landi Raftholts, annað með þvermál 2 m í st. 3940 og hitt með þvermál 3 m í st. 2830.

Skering í Raftholti er um 34.600 m<sup>3</sup>, af því munu um 20.000 m<sup>3</sup> í vegagerð en afgangur verður nýttur til frágangs á skeringu og hluta ekið á brott.

Sett verður eitt búfjarræsi í landi Lýtingsstaða að þvermáli 1,8 m í st. 1366.

Fyrirhugað er að sækja allt að 23.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni í landi Varghóls, náma E26 í aðalskipulagi.

#### Helstu magntölur:

Burðarlag 8.300 m<sup>3</sup> sem verður unnið úr skeringu við Nónhamar. Auk þess verða unnir 1.900 m<sup>3</sup> til síðari nota.

Styrktarlag um 20.000 m<sup>3</sup> sem verður unnið úr skeringu við Raftholt.

Fyllingar 23.500 m<sup>3</sup>

Skeringar 70.000 m<sup>3</sup> (Samtals skeringar í vegi (10.200 m<sup>3</sup>), landi Raftholts (34.600 m<sup>3</sup>) og Nónhamri (24.100 m<sup>3</sup>))

Fláafleygar 12.000 m<sup>3</sup>, sem koma úr skeringu í Raftholti.

Vegagerðin hefur samið við landeigendur um land undir veg og efnistöku vegna framkvæmdanna.

Fylgiskjöl:

Hagabraut (286-01), Landvegur-Reiðholt Kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu, júní 2024.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu

Teikningasett

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar.  
Svanur Bjarnason  
Svæðisstjóri Suðursvæðis

*Þetta bréf er eingöngu með rafrænni  
undirskrift*

Síða 2/2

# Hagabraut í Holtum, Rangárþingi ytra Ákvörðun um matsskyldu

## 1 Inngangur

Þann 10. júní 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um endurbyggingu Hagabrautar á rúmlega 7,4 km kafla, Landvegur – Reiðholt, í Rangárþingi ytra, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Landsnets.

## 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hagabraut (286-01) í Rangárþingi ytra, Landvegur (26) – Reiðholt. Kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu. Hönnunardeild og Suðursvæði Vegagerðarinnar – júní 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi ytra dags. 10. júlí 2024
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 18. júlí 2024
- Landsneti dags. 2. júlí 2024
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 11. júlí 2024

Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. apríl 2024 barst með gögnum Vegagerðarinnar. Ekki barst umsögn frá Umhverfisstofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 19. júlí 2024.

## 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í endurbyggingu Hagabrautar (nr. 286) á um 7,4 km löngum kafla sem liggur frá Landvegi (26) skammt vestan Laugalands, að Reiðholti norðan Eystra-Gíslholtsvatns. Samkvæmt vegaskrá Vegagerðarinnar flokkast vegurinn á umræddum kafla sem tengivegur af vegtegund C7 sem er 7 m breiður vegur með slitlagi. Hann er nú um 6 m breiður malarvegur og víða með hæðar- og planlegu sem uppfyllir ekki kröfur í hönnunarstöðlum Vegagerðarinnar. Hámarkshraði á veginum er 80 km/klst. Á nokkrum stöðum eru blindhæðir og stuttar sjónlengdir, m.a. við Lýtingsstaði og Raftholt. Þar eru krappar beygjur og skert vegsýn og umferðarskilti með 50 km/klst. leiðbeinandi hraða. Mesti bratti er 10% milli stöðva 3.700-3.940, sunnan Raftholts.

Hagabraut (286) verður endurbyggð á rúmlega 7,4 km löngum kafla. Í landi Lýtingsstaða verður veglínunni hliðrað um vegbreidd til austurs á um 200 m löngum kafla vegna lagfæringa á hæðar- og planlegu. Annars staðar fylgir hún núverandi vegi. Endurbyggður vegur verður hannaður samkvæmt staðli fyrir skert C7 snið, sem er 6,5 m breiður vegur með 6,0 m breiðri akbraut og 0,25 m breiðum öxlum. Klæðning verður 6,3 m breið. Plan- og hæðarlega vegarins gerir það að verkum að ekki er



mögulegt að hanna veg sem stenst kröfur fyrir hönnunarhraða 90 km/klst. Valinn hönnunarhraði verður því 70 km/klst. og skiltaður hraði sá sami. Lagfæring hæðar- og planlegu vegarins og víkkun skeringa mun auka umferðaröryggi og auðvelda vetrarþjónustu. Vegtengingar að býlum, slóðum og túnum verða aðlagðar nýrri hæðarlegu endurbyggðs vegar. Í samráði við landeigendur hefur verið reynt að fækka tengingum við veginn, þar sem það er hægt. Krossvegamót Hagabrautar (286) við Skinnhúfuveg (2863) og Heiðarveg (284) verða aflögð og búin til tvö T-vegamót í stað núverandi krossvegarmóta.

Áætlað er að um 63.000 m<sup>3</sup> efnis þurfi til framkvæmdanna. Stærstur hluti efnis mun fást úr tveimur skeringum, eða samtals um 41.000 m<sup>3</sup>. Annars vegar úr útvíkkaðri skeringu í landi Raftholts milli stöðva 2.600- 2.800, hins vegar úr skeringu í Nónhamar við Landveg (26) í landi Marteinstungu, um 1 km norðaustan Hagabrautar (286). Það sem upp á vantar, um 22.000 m<sup>3</sup> mun væntanlegur verktaki þurfa að útvega og sækja í opna námu í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Frágangur mun fara fram eftir verklagsreglum Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma. Við framkvæmdir verður reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Frágangi á vegskeringum og námu verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Önnur röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis. Ef lífrænn jarðvegur finnst í yfirborði skeringa eða náma verður honum ýtt til hliðar áður en efnistaka hefst og hann geymdur til síðari nota. Í lok framkvæmda verður mannvirkid aðlagð landinu umhverfis og lífrænum jarðvegi jafnað yfir. Til þess að forðast að brjóta upp landslagsheildir verður almennt ekki ráðist í uppgræðslu á skeringum eða námusvæðum ef landið í kring er ógróið eða þar sem æskilegt er að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða.

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila. Auk neðangreindra umhverfisþátta er í greinargerð Vegagerðarinnar einnig fjallað um áhrif á mannlíf, útivist og ferðaþjónustu, landnotkun, heilsu og öryggi, verndarsvæði, landslag og ásýnd, jarðmyndanir, veður og náttúruvá. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við þá umfjöllun í greinargerðinni.

### Áhrif á vatnafar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að ræsi verði hönnuð fyrir 100-ára flóð árvatns. Þar sem vegur þveri votlendi sé mikilvægt að reyna draga úr áhrifum vegar á grunnvatnsstöðu og yfirborðsrennsli eins og kostur er. Forðast verði að grafa nýja skurði og rásir. Setja þurfi ræsi eða pípur í alla farvegi, skurði og lægðir þar sem vatn hafi runnið til að líkja sem best eftir náttúrulegu flæði. Fyrirhugaður vegur fari ekki inn á vatnsverndarsvæði. Til að lágmarka hættu á mengunarslysi á framkvæmdartíma sé verktaka skylt að sinna viðhaldi og eftirliti véla og tækja með markvissum hætti. Útbúið verði sérstakt áfyllingarsvæði á landi þar sem áfylling olíu á vélar fari fram til að tryggja að olía og önnur mengandi efni, berist ekki í jarðveg utan við skilgreint svæði, komi til óhappa. Sama gildi um geymslu á mengandi efnum á verktíma. Í tilfalli þeirra vatnshlota sem framkvæmdin fari um telji Vegagerðin að áhrif á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand verði óveruleg. Það er mat Vegagerðarinnar að ekki sé hættu á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

### Áhrif á gróður og dýralíf

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að 5,8 ha af gróðurlendum raskist vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Fyrirhuguð framkvæmd muni hvergi liggja út í lítt röskuð votlendi. Þar sem svæðinu hafi áður verið raskað með vegagerð, slóðum, túnrækt, skurðum og girðingum, telur Vegagerðin að



fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á gróður á framkvæmdasvæðinu. Röskuð svæði verða jöfnuð og grædd upp í samráði við Land og skóg, Umhverfisstofnun og landeigendur.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggja um mikilvægt fuglasvæði. Verndarsvæðið sé víðfeðmt en framkvæmdin ekki mikil að umfangi. Framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Gert sé ráð fyrir að áhrifin verði óveruleg, því um sé að ræða endurbyggingu núverandi vegar.

### **Áhrif á fornleifar**

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að samkvæmt Aðalskipulagi Rangárbings Ytra 2016-2028 séu þrjár friðlýstar fornminjar (RA) skráðar í landi Lýtingsstaða, þ.e., RA407:004 (Kambsrétt, rétt) RA407:005 (Ærhellir, beitarhús) og RA407:006 (Hellir, beitarhús). Þær séu allar langt frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að gæta þurfi þess að raska ekki garðlagi sem sé samhliða veginum við sumarhúsið Garðhús. Þess utan þurfi að gæta að því að rétt (RA-389: 006) sem sé í innan við 20 metra frá veginum raskist ekki. Mögulega þurfi að merkja eða girða af minjarnar svo þær raskist ekki af vangá.

Vegagerðin bendir í svörum sínum á að fornleifin RA-389:006 sé 470 m norðan við framkvæmdasvæðið og því langt utan þess. Aftur á móti sé ofangreint garðlag (RA-407:045) fast við núverandi veg, en þar verði veginum hliðrað vegbreidd til austurs og fjær garðlaginu. Skeringar muni þó ná inn á núverandi veg. Vegagerðin muni fara að tilmælum Minjastofnunar um aðgerðir til að koma í veg fyrir að fornleifar raskist og hefur ofangreindur minjastaður verið merktur inn á uppdrætti. Þá verði hann merktur á áberandi hátt á framkvæmdatíma og kynntur í útboðsgögnum til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá. Í útboðsgögnum verði lögð áhersla á að raska ekki landi utan skilgreinds framkvæmdasvæðis.

## **5 Skipulag og leyfi**

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Rangárbings ytra samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig þarf starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna vinnubúða.

Þar sem veglína skarast við helgunarsvæði háspennulínu þarf náið samráð við Landsnet um útfærslur og flutning á háum farmi. Ekki má hefja vinnu innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir því liggja heimild Landsnets.

## **6 Niðurstaða**

Um er að ræða endurbyggingu Hagabrautar á rúmlega 7,4 km kafla frá Landvegi að Reiðholti í Rangárbingi ytra. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar og nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa sbr.



2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki umfangsmiklar þó svo að heildarlengd vegavinnunnar séu rúmir 7 km. Ástæðan er sú að framkvæmdin felst að mestu leyti í enduruppbyggingu vegar á áður röskuðu svæði, m.a. að hluta á votlendissvæði Fyrir vikið hafa neikvæð umhverfisáhrif sem af framkvæmdinni leiðir þegar komið fram við lagningu vegarins sem til stendur að byggja upp að nýju. Framkvæmdasvæðið er innan mikilvæga fuglasvæðisins Suðurlandsundirlendi en það svæði er mjög umfangsmikið og framkvæmd af þessu umfangi mun vart rýra verndargildi þess. Áhrif á fugla verða staðbundin en ekki líkleg til að verða veruleg þó að einhverjir fuglar verði fyrir búsvæðatapi og ónæði á framkvæmdatíma. Efnisþörf framkvæmdanna verður að mestu leyti mætt með því efni sem fellur til við skeringar en þó þarf af afla rúmlega 20.000 m<sup>3</sup> úr námum. Skipulagsstofnun telur brýnt að áform Vegagerðarinnar um takmörkun rasks og frágangi þeirra svæða sem þarf að raska, skili sér til þeirra verktaka sem koma til með að vinna verkið. Að sama skapi þarf að tryggja að fornminjum verði ekki raskað með því að merkja þær og upplýsa verktaka um mikilvægi þeirra. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. september 2024.

Reykjavík, 2. ágúst 2024

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson



\* Rafræn skilríki



Skipulagsstofnun

*Jakob Gunnarsson*  
Jakob Gunnarsson  
Sálfræðingur, sálfr. l. m.h. og l. m.h. í  
Sálfræði og sálfr. l. m.h. í  
Sálfræði og sálfr. l. m.h. í

Undirritað með OneSign

\* Rafræn skilríki



Skipulagsstofnun

*Sigurður Ásbjörnsson*  
Sigurður Ásbjörnsson  
Sálfræðingur, sálfr. l. m.h. og l. m.h. í  
Sálfræði og sálfr. l. m.h. í  
Sálfræði og sálfr. l. m.h. í

Undirritað með OneSign

## Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2503021

Málsheiti: Hagabraut, Landvegur - Reiðholt. Framkvæmdaleyfi

Málsaðili: Vegagerðin

Skráð af: Haraldur Birgir Haraldsson

Ábyrgðaraðili; Haraldur Birgir Haraldsson

**Fundur:** Byggðarráð Rangárpings ytra - 35 (26.3.2025) - Hagabraut, Landvegur - Reiðholt. Framkvæmdaleyfi

**Dags:** 26.03.2025

### Inngangur:

**Niðurst.:** Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi til styrkingar og lagningar bundins slitlags á 7,5 km kafla á Hagabraut frá Landvegi að Reiðholti. Að auki verði farið í lagfæringar á vegstæði og tengingum á nokkrum stöðum. Samhliða verði farið í aukningu vegskeringa á völdum stöðum til að auka umferðaröryggi. Sett verði upp búfjarræsi á þremur stöðum. Efni úr skeringum verður notað til vegagerðarinnar en til viðbótar verður efni nýtt úr námu í landi Varghóls, E26. Álit Skipulagsstofnunar frá 2. ágúst 2024 liggur fyrir þar sem viðkomandi framkvæmd skal ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Byggðaráð samþykkir að útgáfu framkvæmdaleyfis vegna endurbóta og styrkinga á Hagabraut frá Landvegi að Reiðholti sbr. framlagðan uppdrátt og önnur gögn málsins verði sett af stað. Byggðaráð heimilar skipulagsfulltrúa að gefa út leyfið og hafa eftirlit með framkvæmdunum. Nefndin vill áréttta að öll efnistaka úr námunum er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og að auki starfsleyfis frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands ef og þegar um sölu efnis er að ræða. Samþykkt samhljóða.